

e. tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsg. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkra- **56**  
 samlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar 27. júní  
 hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti, sbr. 2. málsg. a-liðar (55. gr.)  
 4. gr. laga um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt.

## 2. gr.

Í 2. mgr. 12. gr. laganna falli burtu orðin „en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir“.

## 3. gr.

Lífeyrissjóðsgjald samkv. 2. tölul. 49. gr. skal miðast við hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

## 4. gr.

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram  $\frac{3}{4}$  hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir allt árið 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

57

27. júní

um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:  
 Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fáki“ í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu“ í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks“ af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins“, er fari fram á sjómannadaginn, renni til sjóminjasafns.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

57

27. júní

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 45 1927 og gefa þau út svo breytt með svofelldri viðbót við fyrirsögn: og kappróður.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

58

27. júní

## L Ö G

### um landnám ríkisins.

#### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta framkvæma landnám við þorp og kaupstaði og í sveitum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda a. m. k. 250 þús. kr. á ári. Heimilt er og að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða ákveðin í fjárlögum ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Landnám þetta sé í því fólgið, að ríkið lætur á sinn kostnað undirbúa til ræktunar og rækta land þar, sem skilyrði eru góð til samfelldrar ræktunar og góðrar lífsafkomu. Landnámið skal fara fram á því landi, sem ríkið er eigandi að. Heimilt er og að kaupa land í þessu skyni, ef það telst nauðsynlegt.

3. gr.

Þar, sem landnám samkvæmt lögum þessum er hafið við þorp og kaupstaði, sé miðað við, að stærð ræktaðs lands fyrir hvert býli sé um 2 ha. auk nauðsynlegs beitilands, ef til er. Ríkið skal láta girða og fullrækta land þetta og leggja um það nauðsynlega vegi, vatns- og skólpæðar. Í sveitum sé miðað við, að tún hvers býlis geti orðið minnst 10 ha., auk nauðsynlegs beitilands. Ríkið skal kosta girðingar og framræslu landsins og einnig láta fullrækta a. m. k. 4 ha. af því. Enn fremur láta leggja nauðsynlega vegi um landið og sameiginlegar vatnsæðar, ef hagkvæmt þykir. Undirbúningur landnáms í sveitum samkv. lögum þessum skal því aðeins hafinn, að skilyrði séu þar fyrir 5 samliggjandi býli hið minnsta.

4. gr.

Þegar lokið er framkvæmd ríkisins, sem um ræðir í 3. gr., skal fram fara fasteignamat á hverri einstakri jörð eða lóð. Lönd þessi skulu síðan leigð með erfðaleigu samkvæmt lögum nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Þó skal gefa ábúanda eða notanda sveitabýlis kost á að kaupa það við fasteignamatsverði og sömu greiðsluskilmálum og ákveðnir voru í lögum um sölu þjóð- og kirkjujarða.